



## **Afmæliskveðja frá forseta Íslands**

Hjálparhöndin er tákn um boðskap Krists og áminning um að gleyma ekki þeim sem erfiðast eiga. Örlög hinna minnstu bræðra og systra eru samofin því sem við gerum í þágu Krists. Það er hrópað á hjálp og trúin býður að við göngum fram til bjargar.

Hvítasunnumenn hafa með göfugu starfi verið trúir þessari köllun og Samhjálp hefur í þrjátíu ár verið vettvangur hjálparstarfsins. Með samkomum, ráðgjöf og rekstri meðferðarheimilis hafa Hvítasunnumenn skapað athvarf fyrir þá sem eru í öngstræti lífsins og leitt marga á rétta braut, gefið þeim nýja trú á lífið sjálft og kennt þeim að temja sér heilbrigða hætti með fagnaðarerindið að leiðarljósi.

Samhjálp hefur sýnt hvernig Hvítasunnumenn reynast í daglegri önn trúir þeim boðskap sem Kristur kenndi og merkisberar siðrænna gilda sem samfélag okkar þarf á að halda.

Í umrótinu sem öldinni fylgir leynast margar hættur; ofbeldi og eiturlyf eru orðin daglegur gestur á hundruðum heimila í landi okkar, áfengi hefur leitt margan manninn á glapstigu og glæpaverk unnin í æðiskasti ógna lífsvon ótal ungmenna.

Því miður hefur þörfin fyrir Samhjálp aukist. Hún er til muna meiri nú en við upphafið fyrir 30 árum; þess vegna treystum við því að Hvítasunnumenn haldi ótrauðir áfram á sömu braut.

Samhjálp er okkur öllum í senn tákn og hvatning – tákn um fórnfúst starf sem árangri skilar; hvatning til að gera öll enn betur í framtíðinni.

Ég færi ykkur einlægar þakkir þjóðarinnar fyrir ykkar merka starf, þakkir sem vaka heitar í hugum fjölskyldnanna sem notið hafa góðs af skjólinu sem þið hafið skapað, þakkir sem á hverjum degi bærast í brjóstum þeirra sem þið hafið bjargað.

(undirskrift)